

M Á L E F N A S A M N I N G U R

um meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokks (D), Vinstri grænna og óháðra (V) og Samfylkingarinnar og annars félagshyggjufólks (S) um stjórnun sveitarfélagsins Norðurþings kjörtímabilið 2018 til 2022.

Sjálfstæðisflokkurinn, Vinstri hreyfingin grænt framboð og óháðir og Samfylkingin og annað félagshyggjufólk gera með sér svofellt samkomulag um meirihlutasamstarf í sveitarstjórn Norðurþings kjörtímabilið 2018-2022.

Samkomulagið byggir á eftirfarandi málefna-samningi ásamt stefnuskrám framboðanna fyrir sveitarstjórnarkosningar þann 26. maí 2018.

Fulltrúar listanna þriggja munu vinna að samstarfi þessu af heilindum og með hagsmuni sveitarfélagsins að leiðarljósi.



Lagt er til að:

Sveitarstjóri verði fulltrúi af D-lista.

Forseti sveitarstjórnar verði fulltrúi af D-lista og að varaforseti verði fulltrúi af S-lista.

Formaður byggðaráðs verði fulltrúi af V-lista og að varaformaður verði fulltrúi af D-lista.

Formaður skipulags- og framkvæmdaráðs verði fulltrúi af S-lista og að varaformaður verði fulltrúi D-lista.

Formaður fjölskylduráðs verði fulltrúi af D-lista og að varaformaður verði fulltrúi af V-lista.

Nefndakjör:

Í fastanefndir tilnefna flokkarnir þrír hvern sinn fulltrúa.

Við viljum að við ákvarðanatöku verði fjölskyldan sett í fyrsta sæti og þjónustan við hana. Áhersla verði lögð á uppbyggingu svæða og samverustaða sem ýta undir útivist og heilsueflingu íbúa Norðurþings. Við munum vinna markvisst með aðferðafræði Heilsueflandi samfélags þar sem m.a. verður stutt betur við geðræktarmál, möguleikum til tómstundaiðkunar fjölgað og íþróttafélögum okkar gert enn hærra undir höfði enda hreysti og velferð íbúa mikilvæg öllum samfélögum. Sýna þarf áfram ábyrgð í rekstri og vanda verður til verka við áætlanir og eftirfylgni þeirra. Á kjörtímabilinu verður lögð rík áhersla á að sveitarstjórn leiti leiða til að lækka álögur á íbúa og fyrirtæki þannig að Norðurþing bjóði uppá eftirsóknarvert umhverfi til búsetu og fyrirtækjareksturs. Við viljum að sveitarstjórn og stofnanir sveitarfélagsins tileinki sér aðferðafræði Jákvæðs aga og hann verði þannig mikilvægt stef í stefnu Norðurþings til heilsueflandi samfélags.

Framboðin þrjú eru samstíga í því að efla og bæta samfélagið í Norðurþingi.

Á kjörtímabilinu ætlum við meðal annars að:

Atvinnulífið

Koma á stefnumóti sveitarfélagsins og atvinnulífsins að minnsta kosti einu sinni á ári.

Móta atvinnustefnu sveitarfélagsins og tryggja eftirfylgni með framvindu hennar.

Styðja við ferðapjónustu í sveitarfélaginu með auknum framlögum til markaðssetningar m.a. með framlagi til Húsavíkurstofu.

Byggja upp nauðsynlega innviði til að tryggja öruggt flæði ferðamanna til og frá Húsavíkurhöfða.

Beita okkur fyrir því að framkvæmdum við Dettifossveg verði lokið á fyrri hluta kjörtímabilsins.

Innheimta lágmarks gatnagerðargjöld af skilgreindum lóðum til uppbyggingar íbúða- og atvinnuhúsnæðis.

Vinna að eflingu sjávarútvegs í sveitarfélaginu m.a. gegnum bættan aðbúnað á höfnum Norðurlings.

Vinna að eflingu landbúnaðar og annarar atvinnustarfsemi í dreifbýli sveitarfélagsins.

Vinna áfram að uppbyggingu atvinnustarfsemi á Bakka, með áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki sem og að annar áfangi verkefnis PCC BakkiSilicon verði að veruleika.

Skipulagsmál og framkvæmdir

Taka upp aðalskipulag sveitarfélagsins og tryggja aðkomu íbúa að þeirri vinnu. Leggja áherslu á fjölskylduvæna útteilingu framkvæmdafjár við gerð framkvæmdaáætlana.

Bæta og fjölga göngu- og hjólreiðastígum t.a.m á Stangarbakka á Húsavík og að Kaldbakstjörn.

Vinna að endurbótum leikvalla og útivistarsvæða í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins.

Bæta aðgengi við stofnanir sveitarfélagsins og á gangstígum á skipulegan hátt.

Vinna að betri aðbúnaði og aðgengi að vinsælum áningastöðum á borð við Gullfiskatjörn, Skrúðgarð, Botnsvatn og við vitana á Kópaskeri og Raufarhöfn.

Halda hugmyndasamkeppni í samstarfi við eigendur fasteigna á Öskjureit um útlitsbætandi aðgerðir og frágang svæðisins og hefja framkvæmdir á reitnum.

Taka ákvörðun um uppgjör og frágang mála á SR lóð á Raufarhöfn.

Ljúka deiliskipulagi við Reyðarárhjúk og setja upp skíðalyftu á svæðinu fyrir mitt kjörtímabil.

Koma á uppbyggingu nýrrar aðstöðu við Katlavöll og breyta aðkomu að golfvöllinum í þeim tilgangi að auka aðgengi almennings að honum.

Koma upp skipulögðu leik- og þjálfunarsvæði fyrir hunda á Húsavík.

Ljúka lagningu nýrrar hitaveitulagnar í Reykjahverfi.

Koma á framkvæmdasjóði fyrir áhugasama íbúa sem hafa vilja og getu til að endurbæta, lagfæra eða skreyta opin svæði.

Framkvæma þarfagreiningu fyrir fjölnota frístundahús fyrir íbúa sveitarfélagsins. Þar verður sérstaklega kannað hvort húsið Tún og svæðið í kringum það henti undir slíka starfsemi til framtíðar.

Taka í notkun nýtt framtíðarhúsnæði fyrir Slökkvilið og hafnir Norðurlings við Norðurgarð á Húsavík.

Fjölga útilistaverkum á áberandi stöðum í sveitarfélaginu.

Ljúka við framkvæmdir við Kvíabekk í Skrúðgarði Húsavíkur og stefna að virku félagsstarfi í húsínu allt árið.

Tryggja að þjónusta dráttarbáts verði til staðar á Húsavík eins skjótt og verða má.



Skóla- og fræðslumál

Vinna heildstæða skólastefnu Norðurþings á fyrri hluta kjörtímabilsins.

Koma til móts við foreldra og börn í leik- og grunnskólum Norðurþings hvað varðar skólamáltíðir með því að bjóða upp á graut í morgunmat auk ávaxtastundar og með lækkun gjalda vegna skólamáltíða.

Tryggja úrræði fyrir börn eftir að fæðingarorlofi foreldra lýkur og halda okkur við að inntökualdur leikskólabarna í Norðurþingi verði 12 mánuðir.

Setja í forgang að greina þarfir og móta stefnu um framtíðarfyrirkomulag leikskólamála.

Vinna að endurbótum á samkomusal Borgarhólsskóla þannig að hann uppfylli nútímakröfur sem fjölnota salur fyrir skóla- og menningarstarf.

Vinna sérstaklega að því að enn fleiri leggi stund á tónlistarnám í Norðurþingi, með sérstakri áherslu á aukna þátttöku í eldri bekkjum grunn- og framhaldsskóla.

Styðja við háskóla- og þekkingarstarfsemi í sveitarfélaginu.

Menningarmál

Ráða fjölmenningsfulltrúa til starfa hjá sveitarfélaginu sem sinnir menningarmálum og móttöku nýrra íbúa.

Taka aukið mið af íbúasamsetningu og fjölmenningu þegar bæjarhátíðir í sveitarfélaginu eru skipulagðar.

Styðja áfram við frábært starf Leikfélags Húsavíkur og hvetja grunnskóla sveitarfélagsins áfram til að sinna leiklist sem mikilvægs hluta skólustarfsins.

Hefja stefnumótun um uppbyggingu fjölnota rýmis undir menningartengda starfsemi.

Velferðarmál

Móta stefnu í málefnum aldraðra og bjóða öldungaráði sérstaklega að borðinu í þeirri vinnu.

Koma á laggirnar fagteymi á vegum sveitarfélagsins og HSN sem fær það hlutverk að fjölga leiðum til aukinnar velferðar og betri líðan barna og ungmenna í okkar samfélagi.

Tryggja stöðu dagvistarrýma á Dvalarheimilinu Hvammi og efla félagsstarf fyrir aldraða í sveitarfélaginu.

Efla samstarf heimila og skóla og styðja enn betur við foreldra í uppeldis- hlutverki sínu.

Koma af stað uppbyggingu nýrra hjúkrunarrýma við Dvalarheimilið Hvamm á kjörtímabilinu, í samstarfi við ríkisvaldið og stuðla að auknu búsetuöryggi aldraðra í Þingeyjarsýslum.

Hefja undirbúning að byggingu nýs íbúðakjarna með sértækri þjónustu fyrir fólk með fötlun.

Rekstur og fjárhagur

Opna bókhald sveitarfélagsins fyrir íbúa með birtingu þess á vef sveitarfélagsins á fyrri hluta kjörtímabilsins.

Efla enn frekar gott samstarf sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum og nýta enn betur sameiginlegan vettvang Héraðsnefndar Þingeyinga b.s. til þess.

Skoða aukið samstarf og samrekstur innan Héraðsnefndar Þingeyinga eða sérstakra byggðasamlaga eftir því sem sátt næst um í t.d. brunamálum, atvinnumálum, skólamálum og félagsþjónustu.

Auglýsa störf „án staðsetningar“ við ráðningar í stjórnsýslu Norðurþings nema sérstakar aðstæður útheimti annað.

Endurskoða samninga Norðurþings um afnot fyrirtækja og einstaklinga af auðlindum, eignum og landi öðru en íbúðarhúsnæði og birta opinberlega.



Æskulýðs-, íþróttá- og tómstundamáli

Innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með formlegum hætti og nýta innleiðingarlíkanið „Barnvænt samfélag“ til verksins.

Greina þarfir og móta stefnu um uppbyggingu íþróttá- og tómstundamannvirkja. Leggja fram áætlun þar sem framkvæmdum við íþróttá- og tómstundamannvirki verður forgangsraðað með skýrum hætti.

Leggja sérstaka áherslu á að tryggja gæði í starfi íþróttáfélaga sveitarfélagsins m.a. með auknum framlögum til þeirra.

Endurskoða reglur um afrekssjóð og styrkja sérstaklega afreksstarf íþróttáfélaga.

Lengja opnunartímabil sundlauga í sveitarfélaginu til eflingar afþreyingarþjónustu á svæðinu.

Hækka frístundastyrki vegna þátttöku barna og unglunga í íþróttá- og tómstundastarfi.

Þjóða ellilífeyrisþegum frítt í sund.

Koma á frístund fyrir börn 1.-4. bekkjar allt árið um kring.

Umhverfismáli

Móta umhverfisstefnu í samráði við Náttúrustofu sveitarfélagsins og taka upp svokallað kolefnisbókhald.

Tryggja að ekki verði ráðist í verkefni innan Norðurbings sem útheimti nýja virkjunarkosti á viðkvæmum ósnortnum svæðum í Þingeyjarsýslum.

Vera leiðandi í að draga úr sóun og plastnotkun og ganga á undan með góðu fordæmi í rekstri stofnana sveitarfélagsins.

Styðja við þróunarverkefni sem miða að vernd og viðhaldi náttúruauðlinda og sjálfbærrar atvinnustarfsemi í Skjálfanda.

Bera af öðrum, sem sveitarfélag, hvað varðar hreinlætis- og umhverfismál, snyrtimennsku og umgengni við náttúruna.

Beita okkur fyrir umhverfisátaki í sveitarfélaginu og veita sérstök umhverfisverðlaun Norðurbings einu sinni á ári.

Húsavík 5. júní 2018

F.h. Sjálfstæðisflokks

Kristján Þór Magnússon

**F.h. Samfylkingar og annars
félagshyggjufólks**

Silja Jóhannesdóttir

Helena Eydís Ingólfssdóttir

F.h. Vinstri grænna og óháðra

Örlygur Hnefill Örlygsson

Óli Halldórsson

